

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um sprengjuleit.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Er vitað á hvaða svæðum virkar sprengjur liggja eftir æfingar Bandaríkjahers á Íslandi? Ef svo er, hver eru þessi svæði og hver er stærð þeirra?
2. Hver mun sjá um sprengjuleit og eyðingu á þessum svæðum?
3. Hvenær er áætlað að hreinsun verði lokið og hver er áætlaður kostnaður við leit og eyðingu?